

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2018 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

#### 1. gr.

Fjárhæðir greiðslna samkvæmt lögum nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2018:

- a. Hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna samkvæmt 1. másl. 3. mgr. 10. gr. skal nema 733.323 kr. á mánuði.
- b. Lágmarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 10. gr. skal nema 190.279 kr. á mánuði.
- c. Fjárhæð greiðslna til líffæragjafa í námi samkvæmt 1. mgr. 15. gr. skal nema 190.279 kr. á mánuði.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 18. gr., sbr. 8. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 15. gr., laga nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, öðlast gildi 1. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1251/2016, um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2017 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

*Velferðarráðuneytinu, 29. desember 2017.*

**Ásmundur Daðason**  
félags- og jafnréttismálaráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*